

Minnisblað

Móttakandi: Halldór Halldórsson form.
Karl Björnsson framkvæmdastjóri

Dags.: 14. október 2013

Sendandi: Gunnlaugur Júlíusson

Málsnr.: 0510373SA
Málalykill: 165

Efni: Frumvarp til fjárlaga 2014

Hér er birt stutt samantekt um helstu atriði frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 sem varða sveitarfélögin sérstaklega.

1. Inngangur

Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2014 var lagt fram þann 3. október sl. Það er seinna en lög um þingsköp Alþingis nr. 55/1991 kveða á um. Í 1. gr. laganna segir að samkomudagur Alþingis er annar þriðjudagur í september. Þessi seinkun helgast af ríkisstjórnarskiptum eftir kosningar til alþingis sl. vor. Megintíðindi frumvarpsins er yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar um að leggja fram og afgreiða hallalaus fjárlög. Það er stefnubreyting frá fyrri árum. Með afgreiðslu á hallalausum fjárlögum verður skuldasöfnun ríkisins vegna rekstrarútgjalda stöðvuð og þá sömuleiðis aukning á vaxtakostnaði ríkisins. Ljóst er hins vegar að það verður ekki einfalt eða auðvelt fyrir ríkisstjórnina að ná því markmiði miðað við stöðu samfélagsins á margan hátt.

2. Samandregið yfirlit

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er ekki að finna miklar breytingar á þeim fjárlagaliðum sem tengjast sveitarfélögum beint. Helstu niðurstöður frumvarpsins sem varða sveitarfélögin í landinu eru sem hér segir:¹

1. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga heldur fjárveitingum eftir óbreyttu fyrirkomulagi tekjustofnalaga. Framlög til hans lækka þó um 319 m.kr. frá fjárlögum fyrra árs. Það gerist fyrst og fremst vegna breytinga á fyrirkomulagi á greiðslum vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks. Sérstakar greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna breytingakostnaðar og biðlista falla niður, en þær nema um 690 m.kr. Álagningarhlutfall útsvars hækkar á móti um 0,04%stig samkvæmt samningi þar um milli ríkis og Sambands ísl. sveitarfélaga. Miðað við 1.065 ma.kr. útsvarsstofn árið 2014 skilar sú hækkun 426 m.kr. Í frumvarpi til fjárlaga kemur fram að fjármögnun tilraunaverkefnis vegna NPA eigi að falla undir fyrrgreint samkomulag en um það hefur ekki verið samið milli ríkis og sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að óráðstafaðar

¹ Tekið skal skýrt fram að tilgreindar fjárhæðir í frumvarpi til fjárlaga 2014 eru verðlagi hvers árs sem getur þýtt lækkun á raunverði þó fjárhæðir á nafnverði hækki á milli á árunum 2013 og 2014.

fjárveitingar vegna ára 2011-2013 að fjárhæð 166 m.kr. verði nýttar í þetta tilraunaverkefni árið 2014. Í samningaviðræðum um framtíðarfjármögnun þjónustu við fatlað fólk árið 2014 þarf að semja sérstaklega um fjármögnun NPA² verkefnisins frá og með árinu 2015 að mati fulltrúa sambandsins.

2. Heldur lægri fjárhæð er til tónlistarnáms en óskað hafði verið eftir eða 520 m.kr. (sama fjárhæð og í fyrra) á móti 540 m.kr sem rætt hafði verið um í formlegum viðræðum ríkis og sveitarfélaga um framlengingu á samkomulagi um eflingu tónlistarnáms og jafnrétti til tónlistarnáms sem undirritað var í maí 2011. Fyrir vikið hefur orðið umtalsverð töf á að framlengja samkomulagið, sem rann út 31. ágúst 2013.
3. Framlög vegna refa- og minkaveiða hækka úr 50,2 m.kr. í 50,9 m.kr. Forsenda fyrir framlagi ríkisins til refaveiða er að gerður verði samningur við hvert sveitarfélag sem byggi á áætlun á því hvaða tjón er verið að lágmarka til lengri tíma litið sem refurinn er að valda á landssvæði viðkomandi sveitarfélags.
4. Tryggingargjald (atvinnurekendagjald) lækkar um 0,1 prósentustig eða úr 7,69% í 7,59%. Það léttir nokkrum kostnaði af sveitarfélögunum eða fjárhæð sem gæti numið um 90-100 m.kr.
5. Greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs lækka um 2.357 m.kr. frá fyrra ári eða úr 17,8 í 15,9 ma.kr. Ástæða þess er minna atvinnuleysi og að framlag til átaksverkefna og vinnumarkaðsúræða í þágu atvinnuleitenda lækka um 1.390 m.kr. Tímabundnum átaksverkefnum lýkur á árinu en eftir standa þó í sjóði um 800-900 m.kr. Óvíst er hvaða áhrif þessi aðgerð hefur á sveitarfélögin og þörf atvinnulausra fyrir fjárstuðning frá sveitarfélögunum eftir að fólk fellur út af atvinnuleysisskrá.
6. Sérstakt fyrirhugað framlag vegna sóknaráætlana landshluta að fjárhæð 400 m.kr. fellur niður.
7. Fallið verður frá sérstöku framlagi til uppbyggingar ferðamannastaða að fjárhæð 500 m.kr. Framlag til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða lækkar um 359 m.kr. Þessi staða hefur óbein áhrif á sveitarfélögin því uppbygging og viðhald mannvirkja á fjölsóttum ferðamannastöðum er víða viðfangsefni viðkomandi sveitarfélaga.

3. Efnahagsforsendur fjárlagafrumvarps

Þjóðhagsforsendur frumvarps ríkisstjórnarinnar til fjárlaga fyrir árið 2014 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem gefin var út þann 28. júní sl. Samkvæmt birtingaráætlun Hagstofunnar mun hún gefa út endurskoðaða þjóðhagsspá þann 15. nóvember nk. Niðurstöður hennar kunna að leiða til breytinga á áætlunum og tillögum í fjárlagafrumvarpinu við aðra umræðu þess.

² Skammstöfunin NPA stendur fyrir "Notendastýrð persónuleg aðstoð."

Á þeim tíma eru sveitarstjórnir lögum samkvæmt búnar að leggja fram fjárhagsáætlanir til fyrri umræðu svo breytingar á þeim til endanlegrar afgreiðslu verða einungis minniháttar. Niðurstöður þjóðhagsspár eru að landsframleiðsla vex um 1,7% á árinu 2013 og spáð er að hún aukist um 2,8% á árinu 2014. Einkaneysla mun aukast um 1,9% á árinu 2013 en skv. spánni verður aukning hennar heldur meiri á næsta ári eða um og yfir 3,0%. Samneyslan eykst um 0,5% á þessu ári, stendur því sem næst í stað á árunum 2014 og 2015 en eykst hægt eftir það. Forsenda spár um fjárfestingu er að mestu leyti spá um fjárfestingu í stóriðju. Gert er ráð fyrir samdrætti í fjárfestingu um 3,6% í ár en aukningu um 14,1% á næsta ári þegar fjárfestingar í stóriðju munu aukast skv. spánni. Spáin byggir því á verulegri óvissu hvað varðar fjármunamyndun. Þrátt fyrir þessar forsendur er fjárfestingarstigið lágt í sögulegu ljósi.

Samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði 4,5% af mannafla á árinu 2014 miðað við 4,8% á árinu 2013. Í spá Hagstofu Íslands um launabreytingar kemur fram að gert er ráð fyrir 5,5% launabreytingum á árinu 2013 og 5,6% á árinu 2014. Rétt er að hafa í huga að í þessu sambandi má gera ráð fyrir árlegu launaskriði sem nemur um 0,5%-1,0%. Kaupmáttur launa jókst heldur minna á árinu 2013 en undangengin tvö ár. Spáin nú gerir ráð fyrir meiri kaupmáttaraukningu launa en áður, m.a. vegna þess að því er spáð verðbólga lækki meira en spáð launavísitala. Í kjölfar kjarasamninga sem reiknað er með að taki gildi nærri næstu áramótum er gert ráð fyrir að kaupmáttaraukning verði meiri en á yfirstandandi ári. Unnið er út frá því að verðbólga verði 3,5% á árinu 2013 sem er lægra en síðustu spár hafa gert ráð fyrir. Verðbólga ársins 2014 er talin verða 3,0% og nálgast því verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands á seinni hluta ársins.

Hagvaxtarhorfur í helstu viðskiptalöndum Íslands hafa versnað lítillega frá síðustu útgáfu þjóðhagsspár. Nú í októbermánuði birti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) nýja spá fyrir aðildarríki sín og er nú reiknað með að samdráttur á evrusvæðinu verði um 0,4% í ár en fyrir næsta ár er spáð 1% hagvexti. Horfur í Bretlandi hafa batnað og gert er ráð fyrir 1,4% hagvexti á þessu ári og 1,9% árið 2014. Í spánni er gert ráð fyrir að hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum verði um 0,8% á þessu ári og 1,8% árið 2014. Óvissa er þó tölverð og horfur heldur neikvæðar.

Fasteignaviðskipti jukust mikið á árinu 2011. Talsverður breytileiki var á verðþróun fasteigna eftir tegund og staðsetningu. Raunlækkun var á meðalverði sérbýlis á höfuðborgarsvæðinu en lítilsháttar raunhækkun á meðalverði íbúða í fjölbýli. Utan höfuðborgarsvæðisins var mikil raunhækkun á mörgum stöðum, mikil raunlækkun á öðrum og sumir stóðu í stað. Þannig er ekki hægt að tala um neina gegnumgangandi meginlínu í þessum efnunum.

Nauðsynlegt er að undirstrika mikla óvissu um gengi krónunnar gagnvart erlendri mynt. Þar kemur m.a. til útstreymi gjaldeyris í formi vaxtagreiðslna af „snjóhengjunni“ svokölluðu og einnig eru stórir gjalddagar í erlendri mynt

framundan. Síðan má nefna aðra óvissuþætti sem skipta einnig verulegu máli hvað varðar niðurstöður þjóðhagsspár Hagstofunnar og forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2014:

1. Stóriðjuframkvæmdir verða minni árið 2014 og næstu ár en áður gert er ráð fyrir.
2. Aukning fjölda ferðamanna sem koma til landsins styrkir atvinnulífið og örvar fjárfestingu.
3. Efnahagslegir erfiðleikar í helstu viðskiptalöndum Íslands leiða til lakari viðskiptajöfnunar og verri viðskiptakjara m.a. vegna minni erlendrar eftirspurnar eftir íslenskum vörum og lægra útflutningsverðlagi.

4. Atriði í frumvarpi til fjárlaga sem varða sveitarfélögin sérstaklega

Hér á eftir verður farið yfir þau atriði frumvarps til fjárlaga sem helst tengjast verkefnum sveitarfélaga á beinan hátt. Vitaskuld eru ýmis atriði sem tengjast þeim óbeint s.s. ýmsar ákvarðanir sem tengjast fjárlagagerðinni sem hafa almenn eða staðbundin áhrif út í samfélagið en það verður ekki lagt í að greina þau nánar hér.

4.1. Þróun útsvarsstofns sveitarfélaga

Í frumvarpi til fjárlaga er að finna upplýsingar um tekjuáætlun ríkisins fyrir árið 2014 sem hægt er að nota til að áætla útsvarsstofn næsta árs. Miðað er við að stofninn hækki um 5,3% milli áruna 2013 og 2014 skv. upplýsingum úr fjármálaráðuneytinu. Niðurstöður þess eru sem hér segir:

Tafla 1. Þróun útsvarsstofnsins á árunum 2012 - 2014

	2012	2013	2014
		Áætlun	Spá
Útsvarsstofn, m.kr.	965.000	1.011.000	1.065.000
Breyting milli ára %	6,6%	4,8%	5,3%
Vergar útsvarstekjur, m.kr.:	139.346	145.786	153.573
Hreinar útsvarstekjur, m.kr	122.748	128.397	134.829

* Munur á vergum og hreinum útsvarstekjum er tilfærsla á 1,72 og 1,76 prósentustigi af útsvarsstofni sem rennur í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga árin 2013 og 2014.

Önnur aðferð til að reikna útsvarsstofninn út er að nota þær upplýsingar sem koma fram í þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Þá er tekið tillit til launabreytinga, breytinga á atvinnuþátttöku og áætlun um fjölgun ársverka. Niðurstöður þeirra útreikninga verða ekki birtar hér heldur stuðst við forsendur fjárlagafrumvarpsins.

4.2. Samningur um tónlistarnám (bls. 44/289)

Árið 2011 var gerður samningur milli ríkis og sveitarfélaga um fyrirkomulag tónlistarnáms á framhaldsstigi í hljóðfæraleik og mið- og framhaldsstigi í söngnámi. Í samkomulaginu kom fram að framlag ríkisins á ári myndi vera 480 m.kr. vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga myndi skipta fjárhæðinni milli sveitarfélaganna. Á móti skuldbundu sveitarfélögin sig til að taka yfir ný verkefni frá ríkinu að fjárhæð 230 m.kr. á ári. Samkomulagið gildir fyrir skólaárin 2011-2012 og 2012-2013. Fljótlega kom í ljós að forsendur samkomulagsins stóðust ekki. Mun meiri fjöldi nemenda sóttu í fyrrgreint nám en reiknað hafði verið með í forsendum þess. Samband íslenskra sveitarfélaga mat fjárvöntunina upp á allt að 100 m.kr. Það hefur gert kröfu til að ríkisvaldið bæti sveitarfélögunum fyrrgreinda fjárhæð. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2014 er kveðið á um að bæta skuli 40 m.kr. við umsamda fjárhæð í fyrrgreindu samkomulagi en að sama skapi falli niður samsvarandi framlag til eins árs sem veitt var af sama tilefni í fjárlögum fyrir árið 2013. Heildarframlag ríkisins vegna samkomulags ríkis og sveitarfélaga um tónlistarnám verði því 520 m.kr. og er það óbreytt milli ára. Væntingar voru um 540 m.kr. framlag á árinu 2014, eins og kemur fram í samandregnu yfirliti.

4.3. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga (bls. 91/364)

Framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru með hefðbundnum hætti í frumvarpi til fjárlaga. Gert er ráð fyrir að heildarfjárlögreglug til sjóðsins lækki um 319 m.kr. frá fjárlögum fyrra árs. Eru þá meðtaldar 395 m.kr. vegna verðlagsbreytinga. Þessi breyting á sér fyrst og fremst stað vegna breytinga á fyrirkomulagi á greiðslum vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks. Á móti kemur að tekjur sveitarfélaga vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks hafa vaxið umfram það sem áætlanir gerðu ráð fyrir vegna styrkingar útsvarsstofnsins. Sérstakar greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna breytingakostnaðar og biðlista falla niður en þær nema 690 m.kr. á yfirstandi ári. Álagningarhlutfall útsvars hækkar á móti um 0,04 prósentustig samkvæmt drögum að samningi þar um milli ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Miðað við 1.065 ma.kr. útsvarsstofn árið 2014 skilar sú hækkun 426 m.kr. Sérstök hækkun útsvarsálagningar vegna yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga fer því úr 1,2% í 1,24%. Gert er ráð fyrir að hækkunin muni renna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram að fjármögnun tilraunaverkefnis vegna NPA eigi að falla undir fyrrgreint samkomulag. Um það hefur hins vegar ekki verið samið milli ríkis og sveitarfélaga. Á árinu 2013 voru veittar 166 m.kr. til þess verkefnis á fjárlögum ríkisins. Gert er ráð fyrir að óráðstafaðar fjárveitingar vegna áranna 2011-2013 að fjárhæð 166 m.kr. verði nýttar í þetta tilraunaverkefni á árinu 2014. Í samningaviðræðum um framtíðarfjármögnun þjónustu við fatlað fólk árið 2014 þarf að semja sérstaklega um fjármögnun NPA verkefnisins frá og með árinu 2015 að mati fulltrúa sambandsins.

Aukaframlag að fjárhæð 74 m.kr. vegna verulegra fjárhagsörðugleika sveitarfélaga fellur niður en það kom til vegna sérstakra aðgerða til að leysa fjárhagsvanda sveitarfélagsins Álftaness.

Í töflu 2 kemur fram yfirlit um fjárframlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árunum 2011 - 2014.

Tafla 2. Yfirlit um framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árunum 2011-2014

Framlög úr ríkissjóði	Framlög 2011	Framlög 2012	Fjárlög 2013	Fjárlög 2014
	Rauntölur	Rauntölur	Áætlun	frumvarp
2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs	9.082.488.098	9.806.120.000	10.448.000.000	
og 0,264% af álagningarst. útsvars næstliðins tekju	2.144.862.720	2.312.915.000	2.517.000.000	
Löbundin framlög samtals	11.227.350.818	12.119.035.000	12.965.000.000	13.576.000.000
Aukaframlag vegna verulegra fjárhagsferðleika	800.000.000	350.000.000	74.000.000	0
Samkomulag um húsaleigubætur	1.608.000.000	1.668.000.000	2.668.000.000	2.668.000.000
Viðbótarframlög samtals	2.408.000.000	2.018.000.000	2.742.000.000	2.668.000.000
Framlög vegna málefna fatlaðra				
Veik staða útsvarstofnsins	371.000.000	152.000.000	0	0
Notendastýrð persónuleg aðstoð	51.000.000	100.000.000	166.000.000	0
Breytingakostnaður	201.000.000	395.400.000	239.000.000	0
Biðlistar	0	200.000.000	451.000.000	0
Yfirfærsla á málefnum fatlaðra samtals	623.000.000	847.400.000	856.000.000	0
Framlög frá ríki samtals	14.258.350.818	14.984.435.000	16.563.000.000	16.244.000.000

4.4. Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink (bls. 142/440)

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2014 er ráðstafað 50,9 m.kr. til endurgreiðslu kostnaðar sveitarfélaga við veiðar á ref og mink. Á árinu 2013 voru veittar 50,2 m.kr. til þessa verkefnis en 19,4 m.kr. á árinu 2012. Samkvæmt ársreiknum sveitarfélaga var brúttókostnaður þeirra við þetta verkefni á árinu 2012 120,0 m.kr. en tekjur á móti voru 11,4 m.kr. svo nettókostnaður sveitarfélaganna var 108,7 m.kr. Árið 2011 var heildarkostnaður sveitarfélaganna vegna þessa verkefnis 118 m.kr. en tekjur á móti voru samtals 11 m.kr. Nettóútgjöld voru því 107 m.kr. Að langmestu leyti leggst þessi kostnaður á sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðisins þar sem býr um þriðjungur íbúa landsins. Sérstaklega er kostnaður við þetta verkefni hlutfallslega mikill í landstórum en oft fámennum sveitarfélögum. Hér er meðal annars um að ræða verndun náttúrunnar (fyrst og fremst fuglalífsins) fyrir skæðum meindýrum. Slíkt verkefni varðar alla landsmenn. Því er það algerlega óásættanlegt að íbúar fámennra sveitarfélaga skuli að langstærstum hluta bera þann kostnað sem af því hlýst. Einnig geta skæðir dýrbítar valdið miklu fjárhagslegu tjóni hjá sauðfjárbændum við ákveðnar aðstæður. Refir valda oft miklu tjóni í æðarvarpi.

Í fjárlagafrumvarpinu kemur eftirfarandi fram varðandi refaveiðar: „Þá er lagt til að 30. m.kr. tímabundið framlag í eitt ár sem veitt var í fjárlögum 2013 til endurgreiðslna sveitarfélaga vegna refaveiða verði framlengt um tvö ár.

Forsenda endurgreiðslu ríkisins til sveitarfélags er að gerður verði samningur til þriggja ára í senn sem byggir á áætlun sveitarfélagsins um lágmarka það tjón til lengri tíma sem refurinn er talinn valda á landsvæði viðkomandi sveitarfélags.“

Fyrirgreindar 30 m.kr. eru hluti af heildarfjárhæðinni sem ætlaðar eru til þessa verkefnis sem eru 50,9 m.kr. Eins og fram kemur í frumvarpi til fjárlaga eru kynntar hugmyndir um nýja nálgun við refaveiðar í þeim tilgangi að auka skilvirkni í ráðstöfun fjármuna. Leitast skuli við að taka upp samstarf milli Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarfélaga um mat á þörf fyrir veiðar, hvert sé fjárhagslegt tjón af refnum og hvernig sé hægt að ná sem mestum árangri fyrir fyrirbyggjandi fjármagn.

Í frumvarpinu er lagt til að tekin verði upp breytt vinnubrögð varðandi refaveiðar frá því sem nú er og er það forsenda fyrir fjárframlagi frá ríkinu til refaveiða. Í þessu sambandi er einvörðungu tekið tillit til þess tjóns sem refurinn veldur hjá sauðfjár- og æðarbændun en einskis metin þau áhrif sem refurinn hefur á fuglalíf landsins. Ástæða er til að kalla eftir álitni á hvort þetta skilyrði standist lög. Verkefnið er sett upp til þriggja ára og verður mat lagt á árangur þess að þeim tíma loknum.

4.5. Tryggingagjald (bls. 209)

Tryggingargjald (atvinnurekendagjald) lækkar um 0,1 prósentustig eða úr 7,69% í 7,59%. Breytingin felst í lækkun atvinnuþryggingagjalds um 0,6 prósentustig, lækkun gjalds í ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota um 0,25 prósentustig og hækkun almenna tryggingagjaldsins um 0,75 prósentustig. Þessi breyting léttir nokkrum kostnaði af sveitarfélögunum eða fjárhæð sem gæti numið um 90-100 m.kr. Rétt er hins vegar að hafa í huga að sveitarfélögin munu áfram hafa áhyggjur af áhrifum langvarandi atvinnuleysis á útgjöld til fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta. Hafa sveitarfélögin lagt til að þau fái hlutdeild í almennu tryggingagjaldi til að mæta þessum auknu útgjöldum en þær óskir hafa ekki mætt skilningi af hálfu ríkisstjórnarinnar. Sameiginlegt átaks ríkis, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins um Vinnu og virkni hefur orðið til þess minnka þrýsting á félagsþjónustu sveitarfélaga á þessu ári og leggur Samband íslenskra sveitarfélaga áherslu á að áfram verði veitt fjármagn í þeim tilgangi að fjármagna aðgerðir gegn langtímaatvinnuleysi. Áætlað er að af almennu tryggingagjaldi fái Vinnuálastofnun 325 m.kr. vegna vinnumarkaðsúrræða (0,034%) og til framlags vegna fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga renni 1.623 m.kr. (0,170%)

4.6. Málefni Vinnuálastofnunar og Atvinnuleysistryggingasjóðs (bls. 403/404)

Enda þótt málefni Vinnuálastofnunar og Atvinnuleysistryggingasjóðs tengist sveitarfélögunum ekki beint þá er starfsemi þeirra á ýmsan hátt nátengd sveitarfélögunum hvað varðar þörf fyrir fjárhagsaðstoð. Það fólk sem er atvinnulaust og nýtur ekki aðstoðar Atvinnuleysistryggingasjóðs né tengist

verkefnum sem eru á borði Vinnumálastofnunar hefur í fá hús að venda nema að leita til sveitarfélaganna um fjárhagsaðstoð.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2014 er að finna eftirfarandi upplýsingar um málefni Vinnumálastofnunar: Rekstrargjöld stofnunarinnar lækka um 368,5 m.kr. að frátöldum verðlagshækkunum sem nema 33,8 m.kr. Felldar eru niður tímabundnar fjárheimildir að fjárhæð 377,5 m.kr. til verkefna sem hafa verið kostuð með framlögum úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Fjárheimild að fjárhæð 125 m.kr. fellur niður en hún var veitt til umsýslu með vinnumarkaðs- og átaksverkefninu Liðsstyrkur en því lýkur á árinu 2013. Í öðru lagi falla niður fjárheimildir að fjárhæð 177,5 m.kr. sem veittar hafa verið til aðgerða vegna atvinnuleysis ungs fólks, ÞOR verkefnisins og til eftirlits með greiðslum atvinnuleysisbóta. Í þriðja lagi fellur niður tímabundin 75 m.kr. fjárheimild sem veitt var í fjárlögum fyrir árið 2013 í tengslum við verkefnið Liðsstyrkur.

Gert er ráð fyrir að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs verði 15.412 m.kr. sem er raunlækkun um 2.357,7 m.kr. frá fyrra ári. Útgjöld lækka í fyrsta lagi um 400 m.kr. vegna þess að í þjóðhagsspá kemur fram að atvinnuleysi á yfirstandandi ári verði 4,1% í stað 4,3%. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands gerir ráð fyrir að atvinnuleysi á árinu 2014 verði að jafnaði 4,5% en í forsendum fjárlaga 2013 var reiknað með 5,3% atvinnuleysi. Framlög til átaksverkefna sem Vinnumálastofnun hefur staðið fyrir lækka á árinu um 1.390 m.kr. Þeim lýkur á árinu 2013 en engu að síður er verulegt svigrúm til aðgerða á árinu 2014 eða um 800-900 m.kr. Í öðru lagi lækkar umsýslukostnaður sjóðsins um 377,5 m.kr. Í fjórða lagi er fyrirhugað að fella úr gildi heimild til að greiða fiskvinnslufyrirtækjum styrki vegna hráefnisskorts og nemur lækkunin vegna þess um 190 m.kr.

Til upplýsinga má geta þess að greiðslur sveitarfélaga vegna fjárhagsaðstoðar hafa aukist verulega á síðustu árum eins og fram kemur í töflu 3.

Tafla 3. Greiðslur sveitarfélaga vegna fjárhagsaðstoðar 2009 - 2012

Ár	Heildargreiðslur (ma.kr)
2009	2,5
2010	3,1
2011	3,7
2012	4,1

4.7. Sóknaráætlanir landshluta (bls. 429)

Fellt verður niður 400 m.kr. framlag til sóknaráætlana landshluta, sem veitt var í fjárlögum 2013, sem er eitt af tilgreindum verkefnum í svonefndri fjárfestingaáætlun fyrir árin 2013-2015. Endurskoðun á tekju- og afkomuhorfum ríkissjóðs við undirbúning frumvarpsins hefur leitt í ljós að

forsendur þessarar fjármögnunar eru brostnar. Veittar verða 15 m.kr. til aðkeyptrar sérfræðipjónustu í tengslum við fyrirhugaða úttekt á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins á þeim margvíslegu fjárframlögum sem varið er til staðbundinna verkefna til eflingar á ýmis konar starfsemi víðs vegar um landið. Ráðgert er skv. fjárlagafrumvarpinu að fjármagna hluta sóknaráætlana á næstu árum með fjármunum sem nú renna t.d. í vaxtarsamninga og menningarsamninga. Samhliða þessu verði hugað að því að endurskipuleggja stoðkerfi atvinnu- og byggðaþróunar. Þessi breyting hefur það í för með sér að ekkert verður af ýmsum verkefnum á landsbyggðinni sem fjármagna átti með fyrrgreindum 400 milljónum króna.

4.8. Önnur verkefni

Framlög vegna Úrvinnslusjóðs lækka úr 951 m.kr. í 943 m.kr. Framlag til skipulagsmála sveitarfélaga er óbreytt eða 200 m.kr. Framlag til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða lækkar um 359 m.kr. Fallið verður frá sérstöku framlagi til uppbyggingar ferðamannastaða að fjárhæð 500 m.kr. Veitt er tímabundið framlag í eitt ár til endurbóta á innviðum fjölsótttra ferðamannastaða til viðbótar tekjum af gistináttgjaldi. Þessi staða getur haft óbein áhrif á sveitarfélögin því uppbygging og viðhald mannvirkja á fjölsóttum ferðamannastöðum er víða verkefni viðkomandi sveitarfélaga.

4.9. Samandregnar niðurstöður

Í töflu 4 eru tölulegar niðurstöður úr framangreindri samantekt dregnar saman. Það kemur fram að heildaráhrif frumvarps til fjárlaga á fjármál sveitarfélaga eru mjög óveruleg.

Tafla 4. Samandregið yfirlit um áhrif fjárlagafrumvarps á heildarrekstur sveitarfélaga árið 2014

Lækkun tryggingagjalds	90 - 100 m.kr.
Niðurfelling aukaframlags til JS vegna fjárhagsörðugleika	-74 m.kr.
Tímabundið framlag vegna samkomulags um tónlistarnám	40 m.kr.
Framlag til tónlistarnáms	- 20 m.kr.
Lækkun á framlögum til JS vegna yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk	-690 m.kr.
Hækkun útsvarstekna vegna hækkunar álagningar% um 0,04%stig	426 m.kr.
Samtals áhrif fjárlagafrumvarps	-218 – -228 m.kr.

Heildarframlegð A-hluta sveitarfélaga á árinu 2013 er áætluð rúmur 21 milljarður króna samkvæmt niðurstöðum fjárhagsáætlana fyrir árið 2013. Samanlögð áhrif fjárlagafrumvarps á framlegð sveitarfélaga skv. töflu 4 er því 1,04% af áætlaðri heildarframlegð þeirra á árinu 2013.

Tafla 5. Yfirlit um væntingar um fjárframlög sem ekki gengu eftir og snerta sveitarfélögin óbeint

Niðurfelling framlags til sóknaráætlana landshluta	- 400 m.kr.
Niðurfelling framlags til uppbyggingar ferðamannastaða	- 500 m.kr.
Samtals framlög sem felld voru niður	- 900 m.kr.

5. Niðurlag

Hér hefur einungis verið stiklað á stóru hvað varðar áhrif þeirrar stefnumörkunar sem kemur fram í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2014 á fjárhag og rekstrarumhverfi sveitarfélaganna. Fyrir liggur að áhrif einstakra liða snerta sveitarfélögin með misjöfnum hætti. Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram að raunaukning skatta á vörur og þjónustu fyrir árið 2014 er 4,0% sem er minni aukning en á árinu 2013 þegar hún var metin 4,3%. Tekjuskattar lækka um 0,2 prósentustig af landsframleiðslu og neysluskattar lækka um 0,1 prósentustig af landsframleiðslu. Þessi þróun hefur áhrif á rekstur sveitarfélaganna eins og rekstur fyrirtækja og heimila. Niðurskurður í fjárveitingum til einstakra stofnana er mismikill samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Þannig snertir samdráttur í ríkisútgjöldum einstök sveitarfélög á mismunandi hátt en ekki verður farið nánar út í greiningu á áhrifum þess hér.

Samantekt:

Benedikt Valsson

Gunnlaugur A. Júlíusson